

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
153. fundur – 2. september 2010

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, fimmtudaginn 2. september 2010, og hófst hann kl. 16 að Garðatorgi 7, Garðabæ. Mættir voru undirritaðir. Gísli Gíslason og Gestur Pétursson boðuðu forföll.

Fundargerð 152. fundar heilbrigðisnefndar frá 30. ágúst 2010 lögð fram.

1 Starfsemi heilbrigðiseftirlitsins

Starfsfólk heilbrigðiseftirlitsins kynnti helstu verkefni sem unnið er að.

2 Elliðahvammur Kópavogi.

Lögð fram að nýju umsókn Þorsteins Sigmundssonar f.h. Hvamms ehf., kt.560986-2039, dags. 8.03.2010, þar sem sótt er um leyfi til reksturs eggja- og kjúklingaframleiðslu við Elliðahvamm, Kópavogi. Endurnýjun.

Ennfremur lagt fram erindi Umhverfisstofnunar dags. 31. ágúst 2010 þar sem framsent er erindi tiltekinna íbúa í nágrenni alifuglabús við Elliðahvamm í Kópavogi frá 27. sama mánaðar. Í erindinu er sett fram mótmæli vegna umsóknar um framlengingu starfsleyfis alifuglabúsins í Elliðahvammi.

Farið var í vettvangsskoðun að alifuglabúinu og um nálægt svæði. Ásamt nefndarmönnum voru í ferðinni frá heilbrigðiseftirliti Páll Stefánsson og Guðmundur H. Einarsson.

Ákveðið var að auglýsa tillögu að starfsleyfi sbr. ákvæði 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 fyrir starfandi atvinnurekstur í Elliðahvammi í Kópavogi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18

Guðmundur Sigurðsson

Margrét Halldórsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gísli Ó. Valdimarsson

Steingrímur Steingrímsson